

Skólaráðsfundur 15. desember 2015

Skólastarfið

- Dægradvöl hefur fengið nýtt nafn – Drekaheimar. Nafnið var valið af börnunum sjálfum.
 - Á nýju ári verður boðið upp á klúbbastarf fyrir nemendur í 4. bekk þrisvar í viku.
 - Búið er að ráða tvo nýja starfsmenn í Drekaheima sem hefja störf eftir áramót.
- Samstarf og samvinna skóla og sundlauga vegna öryggis nemenda í skólasundi.
 - Farið yfir skjal frá skólaskrifstofu Kópavogsbæjar varðandi öryggi nemenda í skólasundi.
- Vinnureglur varðandi sundakstur hjá Kópavogsbæ.
 - **Tillögur frá fundarmeðlimum:**
 - Merkja rúturnar skólunum (setja nafn skólans í gluggann).
 - Fara yfir rúturnar eftir ferðir og skanna eftir óskilamunum svo þeir skili sér í skólann en endi ekki hjá Teit, rútofyrirtækinu.
- Úttekt Persónuverndar á Mentor.
 - tilmæli persónuverndar til grunnskóla varðandi viðkvæmar persónulegar upplýsingar um nemendur. Skráningar verða að vera málefnalegar og sanngjarnar.
 - Skólinn býður eftir nánari verklagsreglum.

Samræmd próf 2015 – 2016 niðurstöður (meðaltal er 30)

- 4. bekkur samræmd grunnskólaeinkunn
 - íslenska: 33.1
 - stærðfræði: 32.4
- 7. bekkur samræmd grunnskólaeinkunn
 - íslenska: 31.8
 - stærðfræði: 33.8
- 10. bekkur samræmd grunnskólaeinkunn
 - íslenska: 28.8
 - stærðfræði: 30.7
 - enska: 28.2

Skemmtilegar skólalóðir

- Fjárveiting ætluð í að hrinda þessu verkefni í framkvæmd.
- Starfshóp er ætlað að kynna sér ástand skólalóðar og gera tillögur að forgangsröðun verkefna.
- Áætlað að virkja nemendur skólans í hugmyndavinnu.

Spjaldtölvuverkefnið

- 6. og 7. bekkur fá spjaldtölvur afhentar í lok janúar.
- Foreldrar hafa áhyggjur af því að nemendur þurfa að skila inn spjaldunum á vorin og fá ekki sama tæki til baka að hausti.
- Bókasafn og tölvur - þekkingarmiðstöð verður opið rými og hjarta skólans.
- Vagnuxar ásamt agateymi búin að semja og útbúa reglur fyrir notkun spjaldtölva sem fara á veggj fljótlega.

Móttaka flóttamanna

- Þrjár fjölskyldur frá Sýrlandi koma til landsins í janúar og flytja í Kópavog. Ein fjölskyldan flytur í Smárahverfið.
- Undirbúningur að móttöku er hafin.
- Ekki er víst hvenær börnin hefja skólagöngu sína.

Mat á skólastarfi og umbótaáætlun 2015 - 2016

- Úrvinnslufundur/ Skólapúlsinn haldinn 12. maí 2015
 - Farið yfir skýrslu þess fundar.
- Betur rætt í fundi á janúar.

Önnur mál

- Fundir skólaráðs á vorönn 2016:
 - 25. janúar kl: 16.30
 - 6. mars kl: 16.30
 - 18. apríl kl: 16.30
- Ræða þarf um heimanám.
- Rætt um aðbúnað húsvarðar við gangbraut á morgnanna.
 - Fatnaður og ljósbúnaður.